



Verksvið iðjubjálfa við leik- og grunnskóla Kópavogs

Hlutverk

Iðjubjálfi framkvæmir athuganir og greiningar vegna barna sem eiga í erfiðleikum með hreyfifærni og teljast á sérsviði iðjubjálfa. Iðjubjálfi fylgist einnig með börnum sem vegna fötlunar sinnar þurfa að nýta hjálpartæki. Iðjubjálfi kemur með tillögur um úrbætur í skóla vegna viðkomandi og ráðgjöf fyrir foreldra og starfsmenn skóla. Einn liður í þjónustunni er að kanna aðstæður í skóla og koma í kjölfar þess með hugmyndir að aðlögun á umhverfi.

Markmið

Að efla almenna þátttöku barna við skólatengd viðfangsefni, m.a. með því að stuðla að aukinni færni við nám og félagsleg samskipti.

Starfsfyrirkomulag

Athuganir og greiningar eru unnar að beiðni skólaþjónustu og skulu þær berast á sérstökum eyðublöðum.

Þjónusta iðjubjálfans miðast við þarfir barnsins hverju sinni og áhersla er lögð á þau verkefni sem þarf að leysa í skólanum í samráði við barnið, kennara og foreldra. Þjónustan getur einnig beinst að starfsliði skólans og að vinnuumhverfi barna og fullorðinna sem þar starfa.

Iðjubjálfi:

- Býr yfir sérþekkingu á daglegri iðju, mati á henni og úrræðum er varða skerta færni s.s. aðlögun á umhverfi/iðju.
- Skilgreinir færni barna við skólatengda iðju.
- Vinnur að greiningum s.s. skynúrvinnslu, grófhreyfimati, fínhreyfimati, og með vettvangsathugunum í skólum.
- Vinnur í nánu samstarfi við kennara, foreldra og börn, situr fundi s.s. skilafundi og teymisfundi.

Skýrsla

Iðjubjálfi skilar skýrslum til skólaþjónustunnar eftir hvert verkefni og lokaskýrslu að vori.